

Fell

Bærinn Fell í Mýrdal stendur sunnan undir **Fellsfjalli** (1), sem skagar fram úr hálendinu, neðan Mýrdalsjökuls. Austan við Fellsland tekur við land Holts og Álftagrófar. Skilur **Holtsá** (2), sem fellur fram úr heiðinni eftir **Holtsgili** (3), þar á milli. Að vestan, milli Eystri-Sólheima og Fells, er **Klifrárgil** (4) í mörkum. Eftir því fellur áin **Klifandi** (5). Hún hefur áður runnið vítt og breitt um undirlendið framan heiðarinnar, um **Klifandaaura** (6), stundum haft farveg til sjávar vestan Péturseyjar. Stórkostleg landspjöll hafa orðið af völdum hennar. Nú hafa Klifandi og Hafursá sama farveg til sjávar, niðri á láglandinu.

Fellsbærinn stóð til skamms tíma suðvestur frá Fellsfjalli, þar sem nú heitir **Gamla-Fell** (7). Á seinni hluta 19. aldar lagðist Klifandi heim undir bæjarstæðið og gerði þar óbyggilegt. Má m.a. lesa um það í þætti Ögmundar í Auraseli, eftir Eirík Ólafsson á Brúnum. Sr. Gísli Kjartansson flutti bæinn á núverandi bæjarstæði laust fyrir aldamótin 1900. Á Felli hafði verið bænhus og hélt því nafni löngu eftir að farið var að nota það sem hesthus. „Það stóð austast í bæjarhúsaröðinni“ (Eyjólfur á Hvoli). Það var síðasta hus, sem stóð á Gamla-Felli og féll að lokum niður í tótt. Brotsárið eftir Klifanda er nú í bæjarhólnum gamla, rétt hjá rústunum. Bærinn var fluttur í hjáleigustæði. Hét bær þar **Högnavöllur** (8) og var í byggð um 1880.

Fell var á liðnum öldum til skiptis byggt af prestum og bændum. Þar sat á 17.öld Einar Þorsteinsson sýslumaður. Á 18.öld var þar frægastur ábúandi sr. Jón Steingrímsson, og segir hann margt frá Felli í ævisögu sinni, ekki sízt um völvutollinn svonefnda. Fellsörnefni í bók hans eru: Kleifarárgljúfur, Lambhellir, Maríulækur, Smiðjuhóll (útg. 1945). Eyjólfur Guðmundsson rithöfundur á Hvoli í Mýrdal hefur skráð örnefni á Felli, einnig Eiríkur E. Sverrisson kennari. Magnús Finnbogason frá Reynisdal skráði Fellsörnefni eftir Vilhjálmi Hallgrímssyni frá Felli. Ari Gíslason kennari endurskoðaði þá skrá og naut þar tilsagnar Sveins Hallgrímssonar frá Felli og Tómasar Lárussonar í Álftagróf. Skrá Ara var síðan yfirfarin með þeim Sveini og Jóni Hallgrímssonum frá Felli sumarið 1967.

Eyjólfur á Hvoli nefnir þessi örnefni á Felli í bókum sínum: Lengi man til lítilla stunda og Vökunætur: Austurbrúnir, Bjarnhilla, Bjarnhillubrýr, Botnar, Brækur, Dagteigur, Einbúi, Fellsbrekkur, Fellsfjall, Fellsheiði, Fellsmýri, Fitjar, Fjallsendatorfa,

Fossgil, Fossgilsá, Heiðarhorn, Heiðarhús, Hrafnaberg, Hrafnabjörg, Hrosshamrar, Húðarból, Högnavalladý, Högnavallatún, Klifandi, Klifandaaurar, Klifrárgil, Króktorfa, Kvíalág, Lambatungur, Lambhagi, Landadý, Lynghöfði, Lækjarmýri, Norðurhóll, Nýjatún, Rauðilækur, Rauðalækjarbakki, Selgil, Skjólkambur, Snjókambar, Smiðjuhóll, Völvureitur, Þaggil, Þrengsli, Þurgilslækur. Vísað er til þess, hvar sum þessi örnefni eru, í bókum Eyjólfss, og verður stuðst við það hér í skránni.

Í dagbókum Einars Einarssonar bónda á Felli 1888-1891 eru þessi örnefni í skrá um fýladráp og skráum um hefyng: Blesutó, Brækur, Bæjargil, Bæjarhaus, Dagteigur, Enni, Högnavallarmýri, Lambhúshóll, Langivangi, Nýjatún, Pálsbrekka, Rauðilækur, Reitur (= Völvureitur), Selgil, Sléttur, Smiðjuhóll, Þrætustykki.

Brekkurnar sunnan og vestan í Fellsfjalli heita einu nafni **Fellsbrekkur** (9). Inn frá fjallinu er **Fellsheiði** (10), milli Klifrárgils og Holtsgils. Hér verða þá talin örnefni frá núverandi bæ, inn með Fellsfjalli að austan: Austan við túnið er **Fellsmýri** (11). Því nær neðst í brekkunni vestur frá bænum er **Völvureitur** (12). Ekki mátti slá hann. Í honum er leiði völvunnar „þar sól skín fyrst á og fer síðast af“ (J.S.). Ábúendur á Felli greiddu árlega fátækum í Mýrdal toll „fyrir utan tíund sína“, fergi-skyrtunnu eður 30 álnir eður 60 fiska. „Þessi tollur kom þanninn til: Sagt er, ein valva hafi búið í páfadómi á Felli og jafnvel átt þá jörð... Hún skyldi hafa heitið á fátæka á einum pestartíma að gefa þeim árlega þennan 30 álna toll, ef pestin dræpi engan á sínum bæ af ungfólki, hvað og svo við borið hafði. Og svo varð mikill átrúnaður á þessum tolli, að allt svo lengi hann væri goldinn mundi þar ei ungbarn deyja... Þar að auki áttu Fells ábúendur að vera framar öðrum búsældarmenn fyrir útsvar hans“ (J.S., 159). Ábúendur á Felli héldu jafnan við leiði völvunnar.

Næst bænum á Felli, að vestan, er **Pálsbrekka** (13). **Pálsbrekkuenni** (14) er seti þar vestan við. Völvureiturinn er þar vestur og niður af. Klettabeltið upp af bænum nefnist **Smáklettur** (15). Suðurendi Fellsfjalls kallast **Bæjarhaus** (16). Ofan við túnið, rétt ofan við bæinn, er stór hóll, sem heitir **Svínhóll** (17). Þar voru lambhús. Austan til í Bæjarhaus er Stórasveldi (18). Austast á Bæjarhaus eru **Nóntorfur** (19) og í þeim miðjum er **Nóntorfusveldi** (20). Miðja vegu milli Nóntorfusveltis og Blesutóar er **Kristínarklettur** (21). Milli Kristínarkletts og Nóntorfu er klettadrangur, sem heitir **Karlsnef** (22). Vestast í Bæjarhaus er 60 m loftsig, sem heitir **Stórigapi** (23). Þar er nú ekki loft, því hrapað hefur úr brúninni. Í Smáklettum, vestarlega og neðarlega, er skúti, sem kallast **Pínuskúti** (24).

Skammt norðan við Kristínarklett er hamrabelti, sem heitir **Blesutó** (25). Norðaustur af Blesutó eru grasivaxnir fláar, sem heita Snjókambar (26). Þar innaf er norðurendinn á Fellsfjalli, er nefnist **Fjallsendi** (27). Neðan undir Snjökömbum er **Puragil** (28). Í því er

slútandi standhamar, sem heitir **Húðarból** (29). Þar voru þurrkaðar húðir. Gegnt Snjókömbum er allstór rani bungumyndaður. Heitir þar **Standur** (30). Austan hans heitir **Selgil** (31). Efst í því eru **Selgilsbotnar** (32). Sunnan við Selgil er **Seltorfa** (33). Beint niður af Snjókömbum er torfa með flagi í miðju. Hún heitir **Gluggatorfa** (34). Norður af Snjókömbum er blásið sker, nafnlaust. Þar norður af eru **Hrosshamrar** (35), talsvert víðáttumikið svæði. Austur af þeim er mosahryggur, sem heitir **Grænkambur** (36). Er þá komið að Fellsheiði, sem er lítt gróin á þessu svæði, inn að jökli. Undir Hrosshömrum eru upptök Selgils. Vestan megin í Holtsgili er bjarg, sem heitir **Fýlaklettur** (37). Rétt innan við hann hröpuðu vinnumenn sr.Gísla Thorarensen á aðfangadagskvöld 1901 og biðu bana af. **Brókargil** (38), moldrunnið, er sv. af klettinum. Skal nú á ný horfið heim að bæ og talin örnefni vestan í móti í Fellslandi.

Tvö örnefni voru vantalin í Bæjarhaus: **Hallvarðarhilla** (39) er þar í áframhaldi af Stórasveldi til vesturs. Þar var aðhald til að ná kindum. **Klakkur** (40) er standur, sem skjagar (svo) út úr Bæjarhaus, og sést vel frá bænum. Þar var setið undir við fýlatekju.

Á láglandinu, suður undir Péturseyjarmarki, var graslendi, sem nefndist **Fellsfit** (41). Þar voru aðalhrossahagarnir á Felli á sumrin. Vestur af Völvureit, suðvestan í Fellsfjalli, er **Fjallsendatorfa** (42), hæsta torfan á því svæði. Brekkurnar milll reitsins og torfunnar eru nafnlausar. Innan við Fjallsendatorfu er **Geiratorfa** (43). Sunnan í henni er **Langivangi** (44). Upp af torfunum eru svonefndar **Skálar** (45).

Skal nú vikið heim að gamla bæjarstæðinu. Austan við það er **Bæjarlækur** (46). „Túnhæðin austan bæjarlækjarins“ nefnist **Smiðjuhóll** (47) (E.G.). **Brækur** (48) nefnast „sléttar flatir þar norður frá“ (E.G.), niðrundan Geiratorfu. Lækurinn fellur um **Bæjargil** (49). Inni í Bæjargili er **Þvottaból** (50). Þar var þurrkaður þvottur, er illa gekk með þurrk. Vestan við lækinn er **Lambhúshóll** (51), og þar innar er **Langatorfa** (52), sem nær upp að hæð, sem heitir **Háahraun** (53). Austan við lækinn er lítið gil, sem heitir **Þvergil** (54). Í því er stór hellir, sem kallast **Fjárból** (55). Innst í Bæjargili eru **Þrengsli** (56), og innan við þau eru **Botnar** (57). „Hamrar lágu þar að, og hét hæsta brúnin **Skjólkambur** (58) og **Hrafnabjörg**“ (59) (E.G.). Vestur og norður af túninu á Gamla-Felli er allmikið graslendi, sem heitir **Heiði** (60). Við Heiðina er stór grashóll, skorinn frá henni af Klifanda. Hann heitir **Einbúi** (61). „Vestur frá heimaheiðinni var **Paggil** (62), lítið og ljótt gil, allt með mosavætlum frá berginu“ (E.G., 88). Þetta mun vera sama gil og í skrá Ara Gíslasonar er nefnt Þakgil. (Þarf handrit Eyjólfis á Hvoli hér til betri samanburðar.) Næst þessu er að telja **Þakgilsmyri** (63). Hækkar hér landið og er komið að Skjólkambi. Áframhald af honum er **Botnabrúnir** (64). Vestan við mýrina er **Húsadalur** (65) og vestur af honum **Butrudalur**

(66), og er þá komið að Klifrárgili. „Þá var fyrir innan Þrengsln kallað Botnar. Það voru tvö gil, sem mynduðu hring um hraunhæð eina mikla. Hamrar lágu þar að, og hét hæsta brúnin Skjólkambur og Hrafnabjörg“. (Lengi man til lítilla stunda, bls. 88.) Fremst í Klifrárgili, austanmegin, er **Lynghöfði** (67). Innan við hann er sker, sem heitir **Ofanferð** (68). Eyjólfur á Hvoli lýsir Klifrárgili hér fyrir innan á þessa leið í bók sinni, Lengi man til lítilla stunda: „Svo lokaði **Fossgilsá** (69) alveg veginum, og gilið klofnaði. Eystra gilið heitir **Fossgil** (70), og sem næst miðjum háhömrunum er stallur eða hilla. Fjargata liggur þar fyrir hornið á **Austurbrúnum** (71) og hengiflug bæði fyrir ofan og neðan. Þar beljar Fossgilsá undir. En þegar fyrir hornið kemur, opnast Fossgil og heitir þar **Lambhagi** (72). Þrengist þá gilið. Hilla þessi [fjargatan] er nefnd **Lambhilla** (73) og þar voru fráfarulömb rekin inn í Lambhagann. Svo var byggt fyrir hilluna og lömbin látin afmæðast í sjálfheldu. Lambhilla er tæp á einum stað, en ég áráddi að fara hana. Í Lambhaganum var skuggalegt, þó vordagur væri, og einmanalegt var þar. Árniðurinn hvein í hömrunum, og **Bjarnhillubrýr** (74) bar við himin.... Bjarnhilla varð eins og bæjarstétt“ (88-89).

Í skrá Ara Gíslasonar er **Bjarnhilla** (75) nefnd Bjarghilla¹ og sagt hún sé í berginu ofan við Lambhagann. Lambhagi skiptist í Fremri- og Innri-Lambhaga. Nef skagar fram milli þeirra. Fremst í Innri-Lambhaga var lambabyrgi. Þar voru lömbin byrgð tvær til þrjár nætur. Milli Fossgils og Klifrárgils, innan við Fossgil, eru **Lambatungur** (76). Þar innaf, upp við jökul, er **Fellsöxl** (77). Skriðjökullinn, sem Klifandi fellur undan, nefnist **Klifárjökull** (78). Enn eru vantalin nokkur örnefni:

„Í Klifrárgili fremst er í svo nefndu **Heiðarhorni** (79) mikill klettur og bekkur í. ... Undir þessum kletti gróf Klifandi sig austur á Fellsmyri“(E.G., 89). **Landadý** (80) er inn með Fellsfjalli, að austan. **Kringla** (81) er torfa í mörkum milli Holts og Fells, milli Selgils og Holtsgils, innan við Fýlaklett.

Mariúlækur á Felli: Þetta er sjálfsagt helginafn frá katólskum tíma. Í Varmahlíð undir Eyjafjöllum er smálækur fyrir austan bæinn, er Mariúlækur heitir. Faðir minn, Tómas Þórðarson, f. 1886, alinn upp í Varmahlíð, segir, að í þennan læk hafi verið sótt vatn handa veiku fólki á bænum, þó annar silfurtær lækur rynni við bæjarvegginn. Þetta mun ég ekki hafa skráð í örnefnalýsingu á sinni tíð.

1. 11. 1967, Þ.T.

¹ Rétt: Bjarnhilla. Jón Hallgrímsson.

Stafrófsskrá örnefna

Austurbrúnir 71	Klifandi 5
Bjarnhilla 75	Klifrárgil (Kleifarárgljúfur J.S.) 4
Bjarnhillubrýr 74	Klifrárjökull 78
Blesutó 25	Kringla 81
Botnabrúnir 64	Kristínarklettur 21
Botnar 57	Króktorfa (E.G.)
Brókargil 38	Kvíalág (E.G.)
Butrudalur 66	Lambatungur 76
Bæjargil 49	Lambhagi 72
Bæjarhaus 16	Lambhellir (J.S.)
Bæjarlækur 46	Lambhilla 73
Dagteigur (E.G.)	Lambhúshóll 51
Einbúi 61	Landadý 80
Fellsbrekkur 9	Langatorfa 52
Fellsfit 41	Langivangi 44
Fellsfjall 1	Lynghöfði 67
Fellsheiði 10	Lækjarmýri (E.G.)
Fellsmýri 11	Mariúlækur (J.S.)
Fellsöxl 77	Norðurhóll (E.G.)
Fjallsendatorfa 42	Nóntorfur 19
Fjallsendi 27	Nóntorfusveldi 20
Fjárból 55	Ofanferð 68
Fossgil 70	Pálsbrekka 13
Fossgilsá 69	Pálsbrekkuenni 14
Fýlaklettur 37	Pínuskúti 24
Gamla-Fell 7	Rauðalækjarbakki (E.G.)
Geiratorfa 43	Rauðilækur (E.G.)
Gluggatorfa 34	Selgil 31
Grænkambur 36	Selgilsbotnar 32
Hallvarðarhilla 39	Seltorfa 33
Háahraun 53	Skálar 45
Heiðarhorn 79	Skjólkambur 58
Heiðarhús (E.G.)	Sléttur (E.E.)
Heiði 60	Smáklettur 15
Holtsá 2	Smiðjuhóll 47
Holtsgil 3	Snjókambar 26
Hrafnabjörg 59	Standur 30
Hrosshamrar 35	Stórasveldi 18
Húðarból 29	Stórigapi 23
Húsadalur 65	Svínhóll 17
Högnavallardý (E.G.)	Völvureitur 12
Högnavallarmýri (E.E.)	Þaggil (Þakgil) 62
Högnavöllur 8	Þakgilsmýri 63
Karlsnef 22	Þrengsli 56
Klakkur 40	Þrætustykki (E.E. Þrætuland milli Holts og Fells)
Klifandaaurar 6	Þuragil 28

Purgislækur (E.G.)
Þvergil 54
Þvottaból 50

ÖRNEFNA SAFN